

Athugasemd við þingskjal 1049 - breytingar á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012.

Það tekur augljóslega ekki langan tíma að semja 1 stk. frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjald þegar útgerðarfyrirtæki kvarta yfir háu gengi krónunnar, sum hver í eigu flutningsmanna sjálfra. Það virðist einnig vera furðu létt verk að keyra slíkt frumvarp í gegnum þingið, jafnvel á örfáum dögum.

En einhverra hluta vegna tekur það alþingismenn óratíma að fara að staðfestum vilja þjóðarinnar sem birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012. Í haust verða 6 ár liðin síðan Alþingi kallaði þjóðina í kjörklefana til að fá úr því skorið hvort tillögur stjórnlagaráðs hlytu brautargengi. Þrátt fyrir afgerandi stuðning kjósenda við tillögurnar bólar ekkert á gildistöku nýrrar stjórnarskrár, auðlindaákvæðis í stjórnarskrá eða öðrum þeim mikilvægu ákvæðum sem kallað hefur verið eftir og myndu efla traust almennings til opinberra stofnana og stjórnmalaflokka.

Það eru fögur fyrirheit og fagurlega myndskreyttar yfirlýsingar sem birtust í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar fyrir hálfu ári síðan. Það er hins vegar tómmt mál að tala um “eflingu Alþingis” og “að efla traust á stjórnmalum og stjórnsýslu” meðan afgerandi niðurstöður úr lögsmætri þjóðaratkvæðagreiðslu eru hunsaðar og þess í stað hlaupið á eftir hagsmunaaðilum sem sumir hverjir greiða stórfé í sjóði ákveðinna stjórnmalaflokka. Þetta er ekki lýðræðislegt.

Virðingarfyllt,

Sigurður Hr. Sigurðsson.
Kt. 201062-5009.